



SK-Speglun
slf.

Sjöfn Kristjánsdóttir læknir
Sérfr almennum lyflækningum og meltingarsjúkdómum
Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1, 109 Rvík.

RISTILSPEGLUN

Fullkomin ristilspeglun er nákvæm skoðun á öllum ristlinum. Þá er slímhúð ristils skoðuð og ef separ sjást eru þeir fjarlægðir í spegluninni. Einnig eru sýni tekin eftir þörfum. Neðsti hluti smágirnis er einnig skoðaður ef ástæða er til.

Ristilspeglun er hættulítill aðgerð, en í einstaka tilfellum getur komið blæðing eftir sepatöku og einnig getur komið gat á ristil en þetta er afar sjaldgæft.

Mjög mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum um úthreinsun nákvæmlega svo rannsóknin verði sem nákvæmust. Ef úthreinsun er ekki nægilega góð geta óhreinindi skyggt á útsýni þannig að minni separ sjáist síður.

Fyrir ristilspeglun er settur upp æðaleggur og gegnum hann gefin slakandi og verkjastillandi lyf. Hægt er að framkvæma speglun án deyfingar ef óskað er. Við speglun er lofti dælt inn í ristil og getur það gefið vindverkjum. Oftast tekur speglunin u.þ.b. 30-45 mín. (þetta getur verið breytilegt).

Eftir speglun hvílir fólk sig í sérstöku hvíldarherbergi. Að hvíld lokinni mun læknirinn útskrifa viðkomandi og greina frá niðurstöðum. Separ og sýni eru send í vefjagreiningu, en eina til tvær vikur getur tekið að fá niðurstöður.

Við útskrift færð þú leiðbeiningar og símanúmer sem þú getur hringt í ef miklir verkir eða mikil blæðing verður eftir speglun.

Ekki má aka í 6 klst. eftir speglun hafi slakandi lyf verið gefin. Óhætt er að borða strax að speglun lokinni.